

Karl Marx og Friedrich Engels. Nokkur hugtök og túlkanir

Karl Marx (1818-1883) var lögfræðingur, hagfræðingur og félagsfræðingur, höfundur afar umdeilda kenninga um mannlegt samfélag og breytingu þess eða byltingu öllu heldur. Hann reit sín fyrstu verk í samvinnu við Friedrich Engels (1820-1895). Samtími þeirra, þ.e. nítjándi öldin var talinn það sögulega skeið, sem hlaut að vera undanfari sameignarsamfélagsins (communism, socialism). Rit þeirra – einkum Marx - urðu hugmyndafræðilegur grundvöllur byltingarinnar í Rússlandi og friðsamlegri umbyltinga í vestur Evrópu, þar sem jafnaðarhyggjan (socialdemocratism) skaut rótum.

Nokkur meginhugtök: Efnisleg og söguleg þráttarhyggja (dialectical materialism/historical materialism), kennd einkum við K. Marx og F. Engels, sem líkt og G. Hegel, kenna, að söguleg framvinda, en nú á tímum vegna óumflýjanlegrar breytinga (determinism) á framleiðsluháttum, muni leiða til hins endalega fyrirmyndarsamfélags, alræðis öreiganna, sem þá öðlast frelsi að verðleikum, og taki stjórn samfélagsins í sínar hendur við gagnangerar breytingar (socialism, socialdemocratism) á hinu borgaralega samfélagi eða við vopnaða byltingu (communism). Öreigastéttin skal njóta umhyggju stjórnar úrvallssveitar útvalinna val- og gáfumenna (avant garde) og lúta stjórn hennar. Úrvallssveitin mun sjá til þess, að öllum sé veitt samkvæmt þurft, en þurfi aðeins að leggja af mörkum í samræmi við getu. Smám saman mun hver og einn einnig öðlast hinu (sögulega) réttu vitund og hugsun, því hlutveruleikinn ku endurspeglast í huga manna (speglunarkenningin). Í þessu fyrirmyndarríki, sem um sumt minnir á fyrirmyndarríki Platons, mun allir jafnir og réttlæti ríkja. Mennirnir verða sköpuðir eigin sögu.

Kenningum þessum var hrint í framkvæmd í Ráðstjórnarríkjunum (Sovét) undir stjórn V. Lenins (síðar Stalins), um gervalla austur-Evrópu og víðar um lönd, t.d. á Kúbu undir forustu Castrós og Kína undir forustu Mao formanns.

Efnishyggja (materialism). Grundvöllur hennar virðist lagður með vélhyggju (mechanism) andstætt við tilgangshyggju. Í forngrískri heimspeki stóðu t.d. Demokritos og Epikuros fyrir slíkan hugsanagang, Aristóteles og Stóuspekingar þann síðari. Á endurreisnartímanum gekk vélhyggja í endurnýjun lífdaganna með þeim Galeleo Galilei og Réne Descartes. Síðan skrifaði lögfræðingurinn og heimspekingurinn, Karl Marx, doktorsritgerð um eðlis – eða náttúruhyggju Demokritosar og Epikurosar, sem vildu skýra fyrirbærin á grunvelli krafta í hinum minnstu efniseindum, ódeilum eða frumeindum (atom).

KM sótti ásamt Friedrich Engels innblástur í þróunarkenningu Charles Darwin og taldi hann hafa lagt hinn náttúrusögulega grundvöll fyrir kenningar þeirra félaga, þ.e. þá skoðun, að hinu andlega mætti stýra á grunvelli hins efnislega í sögulegri framvindu til hins æðsta stigs.

Náskyld hugsun sést einnig hjá Herbert Spencer og August Comte og G.F. Hegel. Friedrich Nietzsche hélt sig einnig við svipað heygarðshorn, þrátt fyrir lofsönginn um hinar frumstæðu hvatir.

Söguleg þráttarefnishyggja (historical, dialectical materialism) tók jöðsött á síðustu áratugum nítjándu aldar og varð grundvöllur jafnaðarstefnunnar í stjórnámálum, friðsamlegrar (socialism/socialdemocratism) og vopnaðrar byltingar (communism).

Firring (alienation), þ.e. maðurinn missir sjónar af eiginlegum verðmætum í lífinu, hið innra samband (og jafnvel samband við nákomna) skerðist eða rofnar. Þýski lögfræðingurinn og heimspekingurinn K. Marx taldi grundvallarfirringu orsakast af breytingu í framleiðsluháttum,

þ.e. smám saman hvarf afurð vinnu mannsins út fyrir sjóndeildarhring hans, hún varð eign eiganda framleiðslutækjanna. Þetta fyrirkomulag var kúgun, umgjörð um hlutbundið (objective) ósjálfstæði mannsins, þrátt fyrir borgaraleg sjálfstæði, sjálfræði og markaðsfrelsi. Breyting eða bylting var því nauðsynleg.

KM sótti innblástur í kenningar samlanda síns, Georg Wilhelm Friedrich Hegel:

„Með firringu á Hegel við það að eitthvað sem í raun er hluti af okkur virðist okkur samt framandi og fjandsamlegt. Bæði í hinum andlega og hinum efnislega heimi (eins og í heimi vitundarinnar) er firringin hvati díalektískra breytinga.“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar, Hib, 2002, s. 161.)

„[...] hugtakið um firringuna. Hér er á ferðinni sú hugmynd að við það að koma á siðmenningu hafi maðurinn skapað alls konar stofnanir, reglur og hugmyndir sem hafi síðar meir farið að verða honum til trafala, þótt þær séu í raun hans eigin uppfinningar. Þær geta jafnvel verið honum algerlega framandi.“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar, Hib, 2002, s. 162.)

Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfn 1999: „Marx dró til dæmis aldrei dul á að hann hefði lært margt af Adam Smith og [David] Ricardo.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 508.)

„Samkvæmt sjónarmiði Marx er hagkerfið grundvöllur tilverunnar, en ekki andinn líkt og hjá Hegel. Hugsanir manna endurspeгла í ákveðnum skilningi veraldlegar og efnahagslegar aðstæður þeirra. Þess vegna kallar Marx hið efnahagsleg undirstöðuna en menningin, það er að segja trúarbrögð, heimspeki, siðferði, bókmenntir og svo framvegis, er yfirbyggingin.

„...óréttmætt að túlka kenningar Marx um sögulega efnishyggi á þá leið að undirstaðan stjórnir því sem á sér stað í yfirbyggingunni. Hagkerfi og hugarheimur hafa þvert á móti gagnkvæmt áhrif hvort á annað, þótt hagkerfið hafi úrslitaáhrif.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 506.)

„Marx greinir undirstöðuna í þrennt: Náttúrleg skilyrði, framleiðsluöfl og framleiðsluhætti. Skilyrði af hendi náttúrunnar eru náttúrauðlindir og aðrar ytri aðstæður. Framleiðsluöflin eru í fæstum orðum vinnuafli, verkkunnátta og ýmis konar verkfæri. Þau eru driffjöðrin í hinu gagnvirka sambandi manns og náttúru. Framleiðsluhættir eru skipulag framleiðslunnar, einkum eignarhald á framleiðslutækjunum.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 510.)

„Hugmyndir Marx um náttúruna minna um margt á náttúruspeki Aristótelesar. Náttúran myndar stigveldi allt frá lífvana náttúru til mannsins sem er æðstur allra lífvera. Á milli hinna mismunandi verunda er eðlismunur en ekki bara stigmunur. Maðurinn er eðlisólíkur dýrunum. Því fer fjarri að Marx geri manninn að hreinni efnisveru. Hann segir til dæmis ekki að vitundin sé raunverulega efnisfyrirbæri.“

„Marx tekur undir það viðhorf Aristótelesar að maðurinn sé félagsvera sem sýni hvað í honum býr með því að taka þátt í ýmiss konar félagslífi. Marx lítur þó svo á að það sé einkum vinnan sem geri manninn mennskan.“

„Menntunar- og framfarasaga mannsins er saga hagkerfis og vinnunnar. Framvinda sögunnar er einhlít, það er að segja sagan stefnir fram á við og henni verður ekki snúið við, vegna þess að það

verða gagngerar byltingar á svið framleiðslunnar. Vinnan breytir bæði náttúru og manni.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 505.)

„Þótt Marx sé efnishyggjumaður, í þeim skilningi að hann heldur fram að hagkerfið hafi úrslitaáhrif á trúarlegt og menningarlegt líf manna, er hann alls ekki þeirrar skoðunar að veraldleg gæði, peningar og hvers kyns hlutir, séu meira virði en allt annað. Hann lítur þvert á móti svo á að maðurinn niðurlægi sjálfan sig með græðginni. Hér tekur Marx undir sjónarmið Aristótelesar: Maðurinn er í eðli sínu skapandi og frjáls vitundarvera. Ófrelsi og hlutgerving afskræma einmitt þennan grundvallareiginleika mannsins.“ (Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga. Háskólaútgáfan 1999, s. 503.)

„Ein ástæða þess að marxismi átti eftir að reynast óvenju voldugt hugmyndakerfi var að hann fléttaði saman þrjár fræðihefðir sem hver um sig var þegar á mjög háu stigi: þýska heimspeki, franskar stjórnmalakenningar og breska hagfræði. Marxisinn er því ekki hrein „heimspeki“ í venjulegum skilningi orðsins. Samt sem áður hafði hann að geymamikilvægan heimspekilegan þátt og átti eftir að hafa mikil áhrif á heimspekiahugsun síðari tíma...

Heimspekilegi þátturinn kom nær allur frá Hegel og marxistar hafa æ síðan haldið sig við hugtakakerfi Hegels. Gagnlegt er að gera skipulega skrá um þær hugmyndir sem teljast bæði til kjarna hegelismans og eru einnig veigamikill þáttur í marxismanum: 1. Veruleikinn er ekki stöðug ástand heldur virk, sögulega framvinda; 2. Vegna þessa er lykillinn að skilning á veruleikanum skilningur á eðli sögulegra breytinga; 3. Sögulegar breytingar eru ekki tilviljunum háðar heldur fylgja lögmáli sem við getum öðlast skilning á; 4. Þetta lögmál breytinganna er díalektíkin sem felst í stöðugri hringrás þriggja þátta, tesu, andtesu og syntesu; 5. Það sem heldur þessu lögmáli stöðugt gangandi er firringin sem tryggir að sérhverjar aðstæður líði á endanum undir lok fyrir sína eigin innbyggðu togstreitu; 6. Mennirnir geta ekki stjórnað framvindunni heldur hefur hún sinn eigindrífkraft sem hrífur menninga með sér; 7. Framvindan sem þannig hefur verið lýst heldur áfram þar til aðstæður koma fram þar sem öll innri togstreita hefur verið leyst: þá verður engin firring og því ekki lengur neitt virkt afl sem krefst breytinga; 8. Þegar þessar átakalaus aðstæður eru komnar fram stjórnast mennirnir ekki lengur af öflum sem þeir ráða ekki við, heldur verða þeir þá loks færir um að taka örlögin í sínar hendur og stjórna framvindunni; 9. Þannig verður mönnum loks kleift að vera frjálsir og njóta hæfileika sinna; 10. Það samfélags þar sem frelsið þrífst og maðurinn fær að njóta hæfileika sinna verður ekki sundurlaust samfélags sjálfstætt starfandi einstaklinga einsog frjálslyndissinnar sjá fyrir sér, heldur lífrænt samfélag þar sem einstaklingar tilheyra heild sem er miklum mun stærri en hver þeirra fyrir sig og gefur þeim kost á mun meiri hamingju en samfélag þar sem hver sinnir einungis sínu.“ (Bryan Magee, Saga heimspekinnar, Mál og menning, 2002, s. 165.)

„Marx taldi sig hafa uppgötvað efnahagsleg lögmál sem segðu til um hreyfingu í samfélaginu... Með þessu lögmál í höndunum telur hann sig geta sagt fyrir um óhjákvæmilega þróun samfélagsins. Það skipti hann miklu að marxisminn væri álitinn „vísindalegur“ og raunar kallaði hann sína tegund af sósíalisma „vísindalegan sósíalisma“ til aðgreiningar frá öðrum tegundum. Í sannleika sagt fyrirleit hann aðrar gerðir sósíalisma.“ (Bryan Magee, Saga heimspekinnar, Mál og menning, 2002, s. 156-169.)

Anfinn Stigen: „... þá er einnig ógreitt fyrir vinnuframlag konunnar innan veggja heimilisins, þ.e. að elda mat, sauma föt, sinna börnum og geta af sér ný vinnudýr. Þessum verðmætum er vinnuveitanda skilað í starfi eiginmannsins. Það er reyndar svo, að eiginkonan eykur verðmæti vinnu eiginmannsins á endurgjalds. Engels bendir á, að staða konunnar hafi versnað í þessu efni á nítjándu öldinni. Hún er flæmd úr framleiðslunni og sett á framfæri. Þannig hefur hún ekki

lengur tók á því að lifa sem sjálfstæður einstaklingur og þegn.“

„Orsök þess ófrelsis, sem kona býr við, er að finna í fjárhagslegu ósjálfstæði gagnvart karlinum. Í auðvaldssamfélaginu er fjölskyldan eins og smækkuð útgáfa af því. Samband eiginkonu og eiginmanns endurspeglar samband atvinnurekanda og launþega, þ.e. einskært verkfæri eins og Marx og Engels skrifa í Kommúnistaávarpinu. Lykillinn að frelsun konunnar er því, rétt eins og Platon staðhæfði tveim árpúsundum fyrr – upplausn fjölskyldunnar – allavega í þeirri mynd, sem hún hefur tekið á sig í auðvaldssamfélaginu. Í riti sínu um uppruna fjölskyldunnar, einkaeignarinnar og ríkisins, gerir Engels því skóna, að „mikilvægasta forsendan fyrir frelsun konunnar“ sé „að fjölskyldan losni undan því oki, að vera grundvallarframleiðslueining í samfélaginu.“ „Yfirráð karlmannsins innan hjónabandsins er einfaldlega afleiðing fjárráða hans,“ útskýrir Engels. Við byltingu öreiganna „verða framleiðslutækin sameign“ og því „hverfur fjölskyldan sem hagstærð í samfélaginu.““ (Anfinn Stigen. Tenkningens historie II. Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 701 – lausleg þýðing er mín.)